

Álagning fasteignagjalda Fljótshéraðs 2018

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati samkvæmt Landsskrá fasteigna frá 31. desember. Álagning, leiðréttingar, reikningagerð og innheimta fer fram hjá stjórnsýslu- og fjármáladeild.

Bæjarstjórn Fljótshéraðs hefur ákveðið að álagning fasteignagjalda 2018 verði:

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðarhús og sumarhúsaðir, ásamt lóðum, erfðafestulönd og jarðeignir sem eingöngu eru nýttar til landbúnaðar, mannvirki og útihús á bújörðum.

Fasteignaskattur A 0,50% af fasteignamati húss og lóðar

Vatnsgjald pr. ferm. í húsnæði 245 kr. auk. 8.600 kr. fastagjalds

Holræsgjald 0,32% af fasteignamati húss og lóðar.

Hreinsun rotþróa skv. gjaldskrá. (Rotþró minni en 4,5 rúmmetri 17.341 kr. Rotþró að stærð 4,5 til 6,5 rúmmetri 24.893 kr. Umfram rúmmetri yfir 6,6 rúmmetra 5.594 kr.)

Lóðarleiga A 0,75% af fasteignamati lóðar

Sorpgjald kr. 27.146 pr. íbúð fyrir 240 L tunnu (sumarhús án þjónustu 30% þar af eða kr. 8.144 og sumarhús með fulla þjónustu frá 10. maí til 27. september 50% eða kr. 13.573)

Árgjald fyrir hverja aukatunnu sorps er 9.600 fyrir gráa tunnu, fyrir græna tunnu kr. 1.700 og fyrir brúna tunnu kr. 1.700.

Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkra- og heilbrigðisstofnanir, skólar, íþróttahús o.fl. sbr. reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Fasteignaskattur B 1,320% af fasteignamati húss og lóðar

Vatnsgjald pr. ferm. í húsnæði 245 kr. auk. 8.600 kr. fastagjalds

Holræsgjald 0,32% af fasteignamati húss og lóðar

Lóðarleiga B 0,750% af fasteignamati lóðar

Fasteignagjöld atvinnuhúsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C 1,65% af fasteignamati húss og lóðar

Vatnsgjald pr. ferm. í húsnæði 245 kr. auk. 8.600 kr. fastagjalds

Holræsgjald 0,32% af fasteignamati húss og lóðar

Lóðarleiga C 0,750% af fasteignamati lóðar

Gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Á forsiðu álagningarseðils eru tilgreindir gjalddagar fasteignagjalda. Eindagi fasteignagjalda er síðasti virki dagur greiðslumánaðar og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða.

Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 25.000 er gjalddagi þeirra 1. febrúar. Greiðslu má inna af hendi með útsendum greiðsluseðlum (í þeim tilfellum sem það á við), beingreiðslum og

boðgreiðslum eða í heimabönkum. Nánari upplýsingar fást á bæjarskrifstofunum í síma 470-0700 eða á netfanginu egilsstadir@egilsstadir.is

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti

Sækja þarf um afsláttinn á þar til gerðum eyðublöðum, sem m.a. er að finna á heimasíðu

Fljótshéraðs. Umsókninni þarf að fylgja afrit af skattframtali viðkomandi vegna tekna síðasta árs. Sá afsláttur sem fólk á rétt á er síðan endurgreiddur og lagður inn á uppgefinn bankareikning. Hámarksafsláttur af fasteignaskatti árið **2018** er kr. **70.630**, en fer eftir tekjum og lækkar línulega þangað til hámarstekjumarki er náð.

Sjá frekar reglur um afslátt af fasteignaskatti hjá Fljótshéraði sem finna má á heimasíðu

sveitarfélagsins www.fljotsdalsherad.is/static/files/Skjol/Samth-regl-stefnur/Reglur/reglur-um-afslatt-af-fast.sk.-fljotsdalsh.-2018.pdf

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

Tekjur einstaklinga 2017:

Fullur afsláttur skv. 4. gr. reglnanna með tekjur allt að kr. 2.846.000

Engan afslátt með tekjur yfir kr. 3.735.000

Tekjur hjóna 2017:

Fullur afsláttur skv. 4. gr. reglnanna með tekjur allt að kr. 4.002.000

Engan afslátt með tekjur yfir kr. 5.071.000.